

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 50 ? 11.05.2005

Miðvikudaginn 11. maí, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 15.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

- 1 Efnisútboð hitaveitu í Akrahrepp, álit kærunefndar útboðsmála
- 2 Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2005.
- 3 Ljósleiðararör með lögnum í Akrahreppi.
- 4 Útboð í hitaveitu í Akrahreppi, vinnuliður
- 5 Heimild til lántöku vegna framkvæmda ársins.
- 6 Hækkun gjaldskrár hitaveitu
- 7 Skýrsla Kristjáns Sæm. hjá ÍSOR um hitaveitu út að austan.
- 8 Arðsemisútreikningar hitaveitu sunnan Steinsstaða.
- 9 Vorfundur Samorku á Akureyri 26. ? 27. maí.
- 10 Önnur mál.
 1. Hitaveita Blönduós

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Ekki hefur borist svar frá Kærunefnd útboðsmála.
2. Páll Pálsson veitustjóri lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun Skagafjarðarveitna ehf. vegna ársins 2005. Tekjur áætlaðar: 129.750.000.- . Gjaldaliður: 107.825.000.-. Handbært fé frá rekstri: 21.925.000.-. og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 170.750.000.-.
3. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir að leggja ídráttarrör fyrir ljósleiðara með hitaveitulögn í Akrahreppi, áætlaður kostnaður er 6 milljónir króna.
4. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir að ganga til samninga við Steypustöð Skagafjarðar á grundvelli tilboðs þeirra í vinnulið við gerð hitaveitu í Akrahreppi að upphæð 45.561.000.- og tilboðs í lagningar ídráttarlagnar að upphæð 3.775.000.-.
5. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að taka lán að upphæð 60 miljónir kr. hjá Lánasjóði sveitarfélaga í lánapakka Sveitarfélagsins Skagafjarðar, vegna fyrirhugaðra framkvæmda ársins. Lánið er til 15 ára með jöfnum afborgunum og 3,8 % ársvöxtum auk verðtryggingar. Lánið er ekki uppgreiðanlegt, nema árið 2012 þegar verður endursamið um vexti lánsins ef það verður ekki greitt upp. Lántökugjald er 0,357 %.
6. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að hækka gjaldskrá hitaveitu um 3% frá 1. júlí nk..
7. Lögð fram skýrsla frá ÍSÖR unnin af Kristjáni Sæmundssyni jarðfræðingi, um hitaveiturannsóknir út að austan. Stefnt er að fundi með Kristjáni í næstu viku.

8. Lagðir fram arðsemisútreikningar um hitaveitu sunnan Steinsstaða unnin af Kristjáni Jónassyni KPMG Endurskoðun. Stjórnin samþykkir að fara í þessa framkvæmd. Kostnaðaráætlun er 4.8 milljónir króna.

9. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að veitustjóri ásamt þeim stjórnarmönnum sem geta því viðkomið sæki fundinn.

10. Önnur mál.

1. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. lýsir óánægju með þá ákvörðun Bæjarstjórnar Blönduósbæjar að selja hitaveitu Blönduós án þess að gefa Skagafjarðaveitum ehf kost á því að koma að málinu eins og um var rætt á fundi sem aðiljar áttu síðastliðið haust.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.35

Árni Egilsson ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Gísli Árnason (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Pálsson (sign)